



<http://www.samband.is/skolarad>

Handbók um skólaráð -fyrir skólaráð



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Reykjavíkurborg
skóla- og frístundasvið

 **Innihald**

Velkomin/n í skólaráð	3
Að byrja í skólaráði	3
Hvað er skólaráð?	4
Helstu verkefni skólaráðs	5
Hverjir sitja í skólaráði?	7
Hvernig nýtast kraftar þínir í skólaráði?	8
Tengsl við bakland þitt	9
Fjöldi funda	9
Fyrsti fundur skólaráðs	9
Starfsreglur skólaráðs	10
Fundarritun	10
Umræðuhefðir	11
Nemendur og lýðræði	11
Skólaráð í samreknum skóla	12
Lokaorð	12

Velkomin/n í skólaráð

Velkomin/n í skólaráð og þakka þér fyrir að sýna skólasamfélaginu þínu áhuga með því að gerast skólaráðsfulltrúi. Sem skólaráðsfulltrúi getur þú haft áhrif á skólalífið og velferð nemenda og þar með stuðlað að því að allir nemendur njóti eins góðrar skólagöngu og unnt er í samræmi við ákvæði grunnskólalaga og aðalnámskrá grunnskóla.

Skólaráð skulu starfa í öllum grunnskólum landsins. Í skólaráðinu eiga sæti fulltrúar allra hópa skólasamfélagsins, þ.e. nemenda, foreldra, kennara, annarra starfsmanna og grenndarsamfélagsins, auk skólastjóra. Þú ert fulltrúi eins þessara hópa og hlutverk þitt er að taka þátt í samráði um stefnumörkun skólans og að móta sérkenni hans í samræmi við stefnu sveitarfélagsins og vilja þeirra sem þú starfar fyrir.

Í þessar handbók er nánar skýrt frá því hvert hlutverk skólaráðs er og bent á hagnýtar leiðir sem skólaráðið getur haft til hliðsjónar í störfum sínum.

Að byrja í skólaráði

Skólaráðsfulltrúar eru hvattir til að kynna sér efni þessarar handbókar og einnig eru mikilvægar upplýsingar um skólann í skólanámskrá og á heimasíðu skólans, sem gagnlegt er að þekkja. Þar má einkum benda á niðurstöður innra og ytra mats skólans sem notaðar eru til umbóta í skólastarfinu.

Mikilvægt er að þú sért í góðum tengslum við hópinn sem þú ert fulltrúi fyrir svo þú vitir hvaða mál-efni hann telur mikilvægt að skólaráð fjalli um. Ef þú vilt afla þér frekari upplýsinga getur þú kynnt þér [lög um grunnskóla](#) og [aðalnámskrá grunnskóla](#). Nýttu þér einnig möguleg tilboð um fræðslu og ráðgjöf við skólaráð, t.d. á vegum [Heimilis og skóla](#), [SAMFOK](#), [Umboðsmanns barna](#) eða sveitarfélagsins.

▷ Mikilvægt er að þú sért í góðum tengslum við hópinn sem þú ert fulltrúi fyrir svo þú vitir hvaða mál-efni hann telur mikilvægt að skólaráð fjalli um

Hvað er skólaráð?

Skólaráð er samráðsvettvangur skólasamfélagsins og skólastjóra um skólahaldið. Hlutverk ráðsins er lögbundið og skilgreint í 8. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Hlutverk skólaráðs er að skapa lýðræðislegan vettvang þar sem raddir allra fulltrúa skólasamfélagsins eiga að heyrast. Þar deila fulltrúarnir upplýsingum og skiptast á skoðunum með það að markmiði að komast að sameiginlegri niðurstöðu um málefni sem varða stefnu skólans og sérkenni hans. Með þessu móti er stuðlað að sameiginlegu eignarhaldi á skólastarfinu. Endanleg ákvörðun er þó ávallt í höndum skólastjóra enda ber hann ábyrgð á daglegum rekstri skólans gagnvart sveitarstjórn. Náist ekki eining um niðurstöður máls í skólaráði má vísa ágreiningi til skólanefndar sveitarfélagsins. Skólanefnd getur haft mismunandi heiti eftir sveitarfélögum, svo sem fræðslunefnd, skóla- og frístundaráð eða jafnvel fræðslu- og menningarnefnd, en hefur þó sama hlutverki að gegna. Skólaráð starfar í öllum grunnskólum landsins samkvæmt [reglugerð um skólaráð við grunnskóla](#)



Hlutverk skólaráðs er að skapa lýðræðislegan vettvang þar sem raddir allra fulltrúa skólasamfélagsins eiga að heyrast

Helstu verkefni skólaráðs

Á fundum skólaráðs skal einkum fjallað um þau verkefni sem nefnd eru í lögum um grunnskóla og eru betur skilgreind í reglugerðinni.

Starfsáætlun

Skólaráð gerir sér starfsáætlun og í henni kemur fram hversu oft fundir verða haldnir, hvenær og hvar. Þar er einnig tilgreint hvenær skólaráðið ætlar að halda opinn fund fyrir skólasamfélagið um málefni skólans og annan með stjórn nemendafélagsins. Ef skólaráðið vill leggja áherslu á stefnu varðandi tiltekinn málaflokk, svo sem sérstaka námsgrein, samskipti, líðan nemenda, umhverfismál eða annað, ætti það að koma fram í starfsáætluninni.

Stefnumótun

Skólaráðið tekur þátt í að móta stefnu um helstu einkenni skólans og hvernig hann tengist grenndarsamfélaginu. Þetta þarf að gera í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Sem dæmi um sérkenni má nefna stefnu skólans í umhverfismálum, samskiptum, nemendalýðræði, jafnréttismálum, læsi eða samstarfi við foreldra.

Áætlanir, skólareglur og fleira

Skólaráð fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun skólans, þar á meðal skóladagatal, [skólareglur](#) og aðrar áætlanir um skólastarfið, t.d. áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi, skólabrag og skólareglur. Skólaráð fjallar um valgreinar á unglingastigi, niðurstöður samræmda prófa, skimana og innra og ytra mats.

Meiriháttar breytingar

Skólaráðinu er ætlað að fjalla um meiriháttar breytingar sem fyrirhugaðar eru á starfsemi skóla og gefa umsögn áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Hér gæti t.d. verið um að ræða samstarf eða sameiningar við aðra skóla eða breytingar á rekstrarumhverfi, húsnæði, skólalóð eða kennsluháttum sem telja má að hafi mikil áhrif, eða ef leggja á skólann niður. Skólastjóri tekur tillit til umsagna skólaráðs og leitast við að ná sátt um þau mál sem eru til umfjöllunar.

Öryggi og almenn velferð nemenda

Skólaráðið fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólaráðið standi sjálft að athugunum eða úttekt heldur tekur það við ábendingum og upplýsingum og bregst við þeim eftir því sem við á. Skólaráð getur líka fjallað um skýrslur eða úttektir á þessum málum svo sem frá Menntamálastofnun, úttektarskýrslur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, rannsóknirnar Ungt fólk, alþjóðlegar rannsóknir á heilsu og lífskjörum (HBSC) eða aðrar mælingar.

Erindi

Skólaráð fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, mennta- og menningarmálaráðuneyti o.fl. og veitir umsögn sé þess óskað.

Verkefni á vegum skólanefndar

Skólaráð getur tekið þátt í öðrum verkefnum að beiðni skólanefndar. Dæmi um það væri að setja fram tillögur um áherslur við ráðningu nýrra stjórnenda.

Árlegur fundur með stjórn nemendafélagsins

Markmið þessara funda er að skapa vettvang fyrir umræðu um hagsmunamál nemenda, hvort sem það lýtur að námi, félagslífi eða almennri velferð.

Árlegur fundur um málefni skólans

Markmið þessara funda er að ræða stefnumótun í starfi skólans og starfsumhverfi hans. Fundurinn er opinn öllum í skólasamfélaginu.

Önnur mál

Skólaráð getur ákveðið að fjalla um önnur mál sem það telur mikilvæg í tengslum við velferð nemenda og stefnu skólans, hvort sem þau tengjast námi, samskiptum, umgengni, aðbúnaði eða öðru.

Undir engum kringumstæðum fjallar skólaráð um málefni einstaklinga, hvorki nemenda, starfsfólks né foreldra, enda er þeim málum ætlaður annar farvegur.

Hverjir sitja í skólaráði?

Skólastjóri ber ábyrgð á stofnun skólaráðs, boðar fundi og leiðir starf þess. Staðgengill skólastjóra er varamaður hans í skólaráði.

Í skólaráði sitja nú einstaklingar sem kosnir eru til tveggja ára í senn. Mælt er með því að ljúka kosningu í skólaráð að vori.

Til að koma í veg fyrir að allt skólaráð endurnýist á sama tíma má árlega kjósa annan af tveimur fulltrúum kennara, foreldra og nemenda.

Kennarar Tveir fulltrúar kennara eru kosnir á kennarafundi og tveir til vara.

Annað starfsfólk Einn fulltrúi annars starfsfólks er kosinn á starfsmannafundi og einn til vara.

Foreldrar Tveir fulltrúar foreldra skulu kosnir samkvæmt starfsreglum foreldrafélags og tveir til vara.

Nemendur Tveir fulltrúar nemenda skulu kosnir samkvæmt starfsreglum nemendafélags og tveir til vara.

Fulltrúi grenndarsamfélags Skólaráð skal sjálft velja einn fulltrúa úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu, eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra, og annan til vara.



<http://samfok.is/2016/11/03/fraedslumyndbond-samfok/>

Varamenn Hver fulltrúi á sér varamann sem ávallt er boðaður í forföllum aðalmanns. Varamaður tekur fast sæti ef aðalmaður hættir nema annar sé kosinn í staðinn.

Aðrir hafa ekki rétt til að sitja í skólaráði.

Skólaráð getur tekið ákvörðun um að boða einstaklinga á fundi til að veita upplýsingar eða ráðgjöf í einstökum málum.

Hvernig nýtast kraftar þínir í skólaráði?

Foreldrar

Ef þú ert fulltrúi foreldra þarftu að vera í góðum tengslum við bakland þitt, þ.e. foreldrafélagið, til að geta haldið fram þeim stefnumálum sem félagið setur á oddinn á fundum skólaráðs. Þú getur líka nýtt persónulega þekkingu þína og færni t.d. varðandi fjármál, markaðs- og kynningarmál, uppeldismál, jafnréttismál o.fl.

Til að kraftar þínir í skólaráðinu nýtist sem best er mikilvægt að skólaráðið setji sér sameiginleg markmið fyrir skólaárið.

Kennarar og aðrir starfsmenn skólans

Ef þú ert starfsmaður/kennari skólans situr þú í skólaráði fyrir hönd samstarfsfólks þíns. Þú þekkir vel til daglegs starfs í skólanum og getur þannig lagt mikið af mörkum í umræðum skólaráðs.

Nemendur

Ef þú ert fulltrúi nemenda veist þú af eigin raun hvernig það er að vera nemandi í skólanum og getur lagt áherslu á það sem skólafélagar þínir eru ánægðir með og líka það sem þeim finnst að þurfi að bæta. Það getur verið aðbúnaður, námið, skólabragur og/eða skólaumhverfið. Þú ert fulltrúi allra nemenda skólans og þarft því að vita hvað þeim finnst mikilvægt og þeir þurfa að vita hvað þú ert að gera í skólaráðinu. Því skiptir máli að þú sért í góðum tengslum við stjórn nemendafélagsins. Eðlilegt er að skólinn aðstoði þig við að finna leiðir til þess að upplýsa skólafélaga þína.

Fulltrúi grenndarsamfélagsins

Ef þú ert fulltrúi grenndarsamfélagsins í skólaráði þekkir þú til stöðu skólans í samfélaginu. Þú veist hverjir styrkleikar skólans teljast vera og hvað er álitnið að megi betur fara. Þú getur líka nýtt þér persónulega þekkingu og færni og tengsl þín við grenndarsamfélagið.

Þarfnist þú frekari upplýsinga eða aðstoðar getur þú t.d. leitað til skólastjóra, umsjónarkennara, félagsstarfskennara, náms- og starfsráðgjafa, félagsmiðstöðvar, skólaskrifstofu sveitarfélagsins, Heimilis og skóla, SAMFOK eða Umboðsmanns barna.

Mælt er með því að skólaráð hafi sérstakt netfang sem birt er á heimasíðu skólans ásamt nöfnum skólaráðsfulltrúa

Tengsl við bakland þitt

Til þess að þú getir sem best sinnt hlutverki þínu sem fulltrúi hópsins sem þú starfar fyrir, er mikilvægt að þú hafir leiðir til að ná til hans með fyrirspurnir og upplýsingar og ekki síður að hópurinn hafi aðgang að þér. Það má t.d. gera með reglulegum fundum t.d. foreldrafélagsins, nemendafélagsins og starfsmannafélagsins en ekki síður með vefmiðlum, s.s. heimasíðu skólans. Mælt er með því að skólaráð hafi sérstakt netfang sem birt er á heimasíðu skólans ásamt nöfnum skólaráðsfulltrúa. Ef ekki eru tæk á því má hafa netföng einstakra fulltrúa ráðsins á heimasíðunni. Það ætti að vera fulltrúum skólaráðs kappsmál að finna leiðir til þess að ná til allra í baklandi sínu, þar á meðal til þeirra sem ekki hafa gott vald á íslensku.

Fundargerðir skólaráðs eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu skólans og sjálfsagt er að vekja athygli á því þegar nýjar fundargerðir eru birtar.

Skylt er að kalla saman fund ef þrír eða fleiri skólaráðsmenn óska þess.

Fjöldi funda

Ekki er tekið fram í lögum eða reglugerð hversu margir fundir skólaráðs eiga að vera yfir árið. Skólaráð ákveður hversu oft það fundar á skólaárinu. Hér er mælt með þeirri meginreglu að skólaráð fundi að jafnaði mánaðarlega á starfstíma skólans. Þar af sé einn opinn fundur um málefni skólans með aðilum skólasamfélagsins og annar fundur með stjórn nemendafélagsins. Eðlilegt er að fámennir skólar, þar sem dreifbýli er mikið, fundi sjaldnar en þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á skólaárinu.

Fyrsti fundur skólaráðs

Skólastjóri boðar fundi skólaráðs. Á fyrsta fundi skólaráðsins, sem haldinn er í upphafi skólaársins, kynna fulltrúarnir sig og skólastjóri fer yfir hlutverk og helstu verkefni skólaráðs, t.d. með þessari handbók. Mælt er með því að ráðið geri sér starfsáætlun fyrir skólaárið, samþykki starfsreglur og komi sér saman um heppilegan fundartíma. Einnig þarf ráðið að velja fulltrúa grenndarsamfélagsins og boða hann á næsta fund skólaráðs.

Starfsreglur skólaráðs

Fundir skólaráðsins verða mun árangursríkari ef skólaráðið starfar samkvæmt starfsreglum. Mælt er með því að skólastjóri kynni á fyrsta fundinum starfsreglur fyrri skólaráða skólans, þær séu ræddar, þeim breytt ef þörf er á og nýjar starfsreglur samþykktar. Í þeirri umræðu er gott að hafa eftirfarandi atriði til hliðsjónar:

- Hvar og hvenær eru fundirnir haldnir og hversu langir eiga þeir að vera?
- Hvernig eru fundir undirbúnir og boðaðir?
- Hvernig er ákveðið hvaða mál verða tekin til umfjöllunar á fundum?
- Hvernig geta fulltrúar komið málum á dagskrá?
- Hvernig tryggir fundarstjóri að sjónarmið allra komi fram?
- Hvernig fær maður orðið á fundum?
- Hvernig tilkynnir fulltrúi forföll og boðar varamann sinn?
- Hver skráir fundargerðir?
- Hvar, hvenær og hvernig eru fundargerðir sendar ráðsmönnum og birtar?
- Hvaða reglur gilda um trúnað?
- Hvernig er fylgt eftir málum sem skólaráð hefur fjallað um?
- Eru veitingar á fundum?
- Eiga að gilda reglur um notkun síma á fundum?
- Önnur atriði sem skólaráði finnst rétt að taka fram í starfsreglum sínum.

Fundarritun

Nauðsynlegt er að ákveða hvernig staðið er að ritun fundargerða. Eru þær stuttorðar með yfirliti yfir helstu mál og niðurstöður eða er ítarlega gerð grein fyrir umfjöllun um hvert mál? Tekur einn fulltrúinn að sér að skrá fundargerðir, ætla fulltrúar að skiptast á eða er fenginn utanaðkomandi aðili til þess að sjá um fundarritun? Ef síðasti kosturinn er valinn þarf að hafa í huga að viðkomandi hefur ekki rétt á að taka þátt í umræðum á fundunum. Hér má finna [leiðbeiningar um góðar fundarvenjur þ.á.m. ritun fundargerða](#).

Umræðuhefðir

Skólastjóri stýrir umræðum. Eftirfarandi viðmið má hafa til hliðsjónar á fundum skólaráðs.

Fulltrúar ráðsins:

- Halda sig við málefnið
- Virða tímann með því að forðast að vera of margorðir og endurtaka sig
- Hlusta á hina og leggja sig fram um að skilja sjónarmið þeirra
- Gæta þess að allir fái tækifæri til að koma sjónarmið sínum á framfæri
- Forðast að vísa um of í eigin reynslu og hagsmuni
- Reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- Virða niðurstöður skólaráðs, þó að ekki verði allir alltaf sammála um þær.

Nemendur og lýðræði

Skólinn er fyrir nemendur og allt starf miðar að því að stuðla að velferð þeirra. Eitt af mikilvægustu hlutverkum skólans er að efla lýðræðislega færni nemenda. Það er því eðlilegt að nemendur eigi sína fulltrúa í skólaráðinu og að þeir hafi tækifæri til að taka fullan þátt í starfinu.

Mælt er með því að nemendur í skólaráðum hafi sérstakan stuðningsaðila, t.d. kennara eða frístundaráðgjafa, sem aðstoðar þá við að undirbúa sig fyrir hvern fundi og að vinna úr niðurstöðum hans.

Miða þarf starfshætti í skólaráði við að nemendur geti tekið virkan þátt í starfi þess.

Góðar aðstæður skapast til að vinna með lýðræði í lýðræði þegar nemendur eru kosnir í skólaráð. Nemendur kjósa sjálfir fulltrúa sína í ráðið eins og starfsreglur nemendafélagsins segja til um. Hvatt er til þess að félagsstarfskennari eða starfsmaður frístundastarfs aðstoði nemendafélagið við að útfæra reglurnar í samstarfi við skólastjóra. Hvetja ætti stjórn nemendafélags til að setja reglur um að bæði kyn eigi sinn fulltrúa í skólaráði. Nauðsynlegt er að allir nemendur skólans fái góða kynningu á hlutverki skólaráðsins, verkefnum sem það fæst við og á starfi fulltrúa þeirra.

Fulltrúar nemenda eru kosnir til tveggja ára líkt og aðrir fulltrúar í ráðinu. Ekki er því gert ráð fyrir að nemendur séu kosnir í skólaráð þegar þeir eru í elsta árgangi skólans. Engin aldursmörk eru á fulltrúum nemenda en veita þarf þeim viðeigandi stuðning svo þeir geti sinnt starfinu fyrir hönd samnemenda sinna. Með markvissri þátttöku fulltrúa nemenda í skólaráði aukast líkurnar á því að nemendur eignist hlutdeild í skólastarfinu.

Skólaráð í samreknnum skóla

Sveitastjórnir geta ákveðið að sameina skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla í eitt ráð. Þá er miðað við að fulltrúar nemenda komi úr grunnskólanum og fulltrúar foreldra og kennara komi af báðum skólastigum.

Lokaorð

Lögum samkvæmt er skólaráð samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Hugmyndin að baki skólaráðum byggir á þeim forsendum lýðræðis sem felast í samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna og gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt, þar með talinn grunnskólann. Gangi þér vel með starf þitt í skólaráði.



Ekki er því gert ráð fyrir að nemendur séu kosnir í skólaráð þegar þeir eru í elsta árgangi skólans. Engin aldursmörk eru á fulltrúum nemenda en veita þarf þeim viðeigandi stuðning svo þeir geti sinnt starfinu fyrir hönd samnemenda sinna.

Tenglasafn

Lög um grunnskóla

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011

<https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Reglugerð um skólaráð við grunnskóla

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1157-2008>

Menntamálastofnun

<https://www.mms.is/>

Heimili og skóli

<http://www.heimiliogskoli.is/>

SAMFOK

<http://www.samfok.is>

Fræðslumyndbönd SAMFOK um skólaráð o.fl.

<http://samfok.is/2016/11/03/fraedslumyndbond-samfok/>

Efni frá Umboðsmanni barna tengt grunnskólanum

<http://barn.is/malaflokkar/grunnskoli/>

Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum

https://mms.is/sites/mms.is/files/vidmid_visbendingum.pdf

Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla

http://www.samband.is/media/skolamal/Innra_mat_grunnskoli.pdf

Upplýsingar um mat á skólastarfi

<http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/mat-eftirlit-og-rannsoknir-a-skolastarfi/>

<http://reykjavik.is/mat-grunnskolastarfi>

Dæmi um starfsáætlun skólaráðs

<http://www.vidistadaskoli.is/skolinn/skolarad/nr/123>

Dæmi um starfsreglur skólaráðs

<http://www.aslandsskoli.is/skolinn/skolarad/starfsreglur-skolarads/>

Dæmi um stefnumótandi vinnu skólaráðs

<http://www.grindavik.is/s/18023>

Dæmi um starfsreglur nemendafélags

<http://www.hofsstadaskoli.is/nemendur/nemendafelag/log-nemendafelagsins/>

Ríkisendurskoðun. Hagkvæmir og skilvirkir fundir - Góðar fundarvenjur

http://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/Fundarvenjur_2008.pdf



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Borgartúni 30
105 Reykjavík
sími: 515 4900
samband@samband.is



Reykjavíkurborg
skóla- og frístundasvið

Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
sími 411 1111
sfs@reykjavik.is